



Lokaverkefni til BA-prófs
í félagsfræði

Börn og skilnaðir

Breytingar á barnalögum 2013

og

áhrif sáttameðferðar á forsjármál

Hildur Stefánsdóttir

Október 2015



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Börn og skilnaðir

Breytingar á barnalögum 2013

og

áhrif sáttameðferðar á forsjármál

Hildur Stefánsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Ingólfur V. Gíslason

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Október 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Hildur Stefánsdóttir 2015

Reykjavík, Ísland 2015

Útdráttur

Fjölskyldumynstur hefur breyst í gegnum tíðina og í dag þekkjast fleiri fjölskyldugerðir en áður. Á sama tíma hefur orðið breyting á hugtökum eins og forsjá og umgengni og í dag leggur hið opinbera meiri áherslu en áður á að þannig sé búið í haginn að foreldrar vinni saman að lausnum og samkomulagi er varðar börnin.

Barnalögum nr. 76/2003 var breytt 2013 á þann veg að áður en heimilt er að fara með forsjármál fyrir dómstóla eða krefjast úrskurðar hjá sýslumanni er foreldrum skylt að undirgangast sáttameðferð. Einnig var dómurum gert kleift að dæma sameiginlega forsjá að kröfu annars foreldris. Eftir breytinguna hefur dómsúrskurðum um forsjá hjá flestum héraðsdómum landsins fækkað áberandi. Að sama skapi hefur aukning forsjármála hjá sýslumanni orðið mikil vegna sáttameðferðar. Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá var aðeins beitt sjö sinnum á fyrstu tveimur árum eftir breytingarnar.

Ástand þessara mála í Danmörku og Noregi var borið saman og í ljós kom að þar skilja himinn og haf að þann fjölda forsjármála sem fer fyrir dómstóla. Í Noregi eru það margfalt færri mál sem enda fyrir dómstólum og má rekja þá staðreynd til þess að þar eru foreldrar skyldaðir til að undirgangast sáttameðferð og er henni eingöngu sinnt af fólki með grunn í félagsvísindum.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
Inngangur.....	6
Fjölskyldan og þróun hennar	7
Hvað gerist við skilnað?	10
Hvað felst í forsjá og umgengni?	13
Fyrsti áfangi í endurskoðun laganna	14
Frumvarpið.....	15
Lagabreytingin 2013	17
Sameiginleg forsjá og sáttameðferð.....	23
Sáttameðferð hjá sýslumanninum í Reykjavík.....	25
Hvað segja tölurnar?	28
Hvernig er þessum málum háttað í Danmörku og Noregi?	33
Samantekt og niðurstöður	36
Heimildaskrá	38

Inngangur

Málefni barna þegar foreldrar skilja hafa lengi verið mér hugleikin. Sjálf skildi ég árið 2004 og 2008 fékk ég umgengnisúrskurð frá sýslumanninum í Reykjavík varðandi son minn. Ég og fyrrum eiginmaður minn höfðum þá undirgengist sáttameðferð hjá Gunnari Hrafni Birgissyni sem var sálfræðingur hjá sýslumanninum í Reykjavík á þeim tíma. Sáttameðferðin varði í 8 mánuði. Mér finnst áhugavert að fjalla um þessi mál þar sem ég hef reynslu af þeim. Að hafa skilið sjálf veitir mér líka ákveðna innsýn í þær tilfinningar sem maður gengur í gegnum og hvernig á stundum getur reynst erfitt að halda einbeitingu í að hugsa eingöngu um hagsmuni barnsins. Börnin okkar eru jú það mikilvægasta í lífinu og þeirra velferð er það sem mestu máli skiptir.

Í þessari ritgerð verður farið í gegnum hluta af þeim breytingum nr. 61/2012 sem gerðar voru á barnalögum nr. 76/2003 og tóku gildi 1. janúar 2013. Sá hluti breytinganna sem farið verður í snýr að forsjá, sameiginlegri forsjá og umgengni. Vert er að taka fram að sjálf var ég mjög hrædd við þá breytingu á barnalögunum sem mikið hafði verið rætt um og sneri að heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá. Ég óttaðist að dómara gætu ekki lagt mat á það hvenær fólk væri komið alveg í þrot og deila fyrir dómstólum væri því orðin algjört lokaúrræði. Niðurstöður þessarar ritgerðar komu mér því skemmtilega á óvart. Áður en fjallað er um hluta breytinganna sjálfra verður aðeins farið yfir þróun fjölskyldunnar, þróun á stöðu karla og kvenna á heimilum og hvað gerist við skilnað. Því næst verður fjallað um hugtökin forsjá og umgengni. Þá verður farið yfir endurskoðun laganna frá 2007 varðandi þessi hugtök og þrautagöngu frumvarps þar að lútandi. Þar er líka farið í hvaða rök voru með og á móti heimild dómara til að dæma áfram sameiginlega forsjá. Þá verður farið yfir þær breytingar sem tóku gildi 1. janúar 2013 og snúa að þessum hugtökum. Einnig verður fjallað um skyldu foreldra til að undirgangast sáttameðferð áður en leyfilegt er að höfða forsjárdeilu fyrir dómstólum og fjallað er nánar um sáttameðferð hjá sýslumanninum í Reykjavík. Skoðaðar eru tölulegar upplýsingar um fjölda forsjármála frá öllum héraðsdómum landsins síðustu tvö ár fyrir lagabreytingarnar og fyrstu tvö árin á eftir. Farið verður yfir hvaða árangri þessar breytingar hafa skilað hér og hversu mikil áhrif þær hafa haft á samstarf og samstarfsvilja foreldra. Þar er einnig fjallað um

hversu oft heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá hefur verið beitt. Fjallað er einnig um forsjá í Danmörku og Noregi og árangur af sáttameðferð þar. Að lokum er samantekt og niðurstöður lagðar fram.

Fjölskyldan og þróun hennar

Þó hugmyndir fólks um fjölskylduna hafi þróast mikið í tímans rás virðast hefðbundnar hugmyndir um fjölskyldulíf breytast lítið. Hugmynd fólks um að fjölskyldan sé einhverskonar frumhópur einstaklingsins virðist ekki breytast. Fjölskyldan er sú umgjörð sem verndar okkur og veitir okkur tilfinningatengsl. Þarsambandið er sá staður sem karlinn og konan leita endurnæringar og skjóls frá amstri dagsins. Til fjölskyldunnar erum við líkleg til að snúa okkur fyrst ef eitthvað bjátar á. Það hversu góð þessi félagslegu og andlegu samskipti innan fjölskyldunnar eru getur haft mikil áhrif á þroska barna (Sigrún Júlíusdóttir, 2001; Benedikt Jóhannsson, 2004).

Oft er talað um fjölskylduna sem einhverskonar hornstein þjóðfélagsins. Ríkjandi hugmyndir hvers tíma og hvers menningarsvæðis spila samt sitt hlutverk. Viðhorf fólks mótast af fjölda þátta og þeim upplýsingum og þeirri umræðu sem á sér stað á hverjum tíma. Friedrich Engels hélt því fram að feðraveldið ætti rætur sínar í einkaeign og í kapítalískum samfélögum væri einkaeignin mikilvæg og þannig væri grafið undan rétti kvenna. Kapítalísk samfélög reiddu sig á launalaus vinnu kvenna innan heimilisins á meðan karlmenn væru á vinnumarkaði (Giddens, 2009). Við iðnvæðinguna losnuðu líka margir feður undan störfum innan heimilisins sem þeir höfðu sinnt áður. Þeir urðu fyrirvinnur fjölskyldu sinnar og velgengni fjölskyldunnar var oft mæld í því hversu mikið þeir öfluðu sem fyrirvinnur. Á sama tíma urðu störf kvenna meira umönnunarstörf, þær sáu um börnin og ráku heimilið. Þessi störf þeirra voru yfirleitt ekki launastörf og því gróf á sama tíma undan mikilvægi kvenna á vinnumarkaði. Í raun urðu til tvær víddir; önnur var heimilið og umönnun barna og hin var vinna karla á vinnumarkaðinum. Atvinnuhættir hafa þannig breyst á þann veg að fjölskyldan er ekki lengur sú framleiðslueining sem hún var áður til sveita, heldur hefur hún í þéttbýli samfélaga í dag meira orðið einhverskonar neyslueining. Hlutverk fjölskyldunnar við

umönnun barna hefur líka minnkað í samfélögum í dag því nú er miklu víðtækara leikskóla- og grunnskólakerfi en var áður (Newman & Grauerholz, 2002; Benedikt Jóhannsson, 2004).

Á Íslandi var þetta módel ríkjandi framan af 20. öldinni. Karlar sáu um að afla tekna fyrir heimilin á meðan konurnar sinntu börnunum og heimilinu. Í dag virðast Íslendingar almennt ekki telja að það komi niður á nánum tengslum við börnin þó svo konur séu líka á vinnumarkaði. Hins vegar er stundum talið að launavinna kvenna komi niður á fjölskyldunni og heimilinu. Karlar auka nefnilega ekki alltaf framlag sitt til vinnu á heimilinu í takt við aukið vinnuframlag kvenna. Það í hvernig ástandi heimilið er er nefnilega stundum talið sýna vinnuframlag konunnar til heimilisstarfa. Þess vegna hefur verið fjallað um að kvenna bíði oft seinni vinnuvakt þegar launavinnu líkur. Er þá átt við þá vinnu sem þarf til að sinna heimilinu (Kolbeinn H. Stefánsson, 2008).

Þó svo að fleiri konur séu á vinnumarkaðinum núna en áður hafa þessar kynjahugmyndir enn áhrif. Samkvæmt launakönnunum VR fá konur lægri laun fyrir sambærilega vinnu og karlar og þurfa oft að hafa meira fyrir hlutunum til að vera metnar að verðleikum (Könnun VR, 2014). Þær sinna jafnvel enn heimilinu að mestu þó svo í seinni tíð sé algengara að fólk skipti heimilisstörfunum á milli sín. Samfara þessum breytingum hefur verið talað um þrjár þróunarlínur fjölskyldna. Sú fyrsta var vinnumarkaðsvæðing mæðra. Í kjölfarið hafði samfélagsvæðing barnauppeldis áhrif. Samfélagsvæðing barnauppeldis varð raunin þegar konur fóru að fara aftur út á vinnumarkaðinn. Dagvistun og leikskólar sáu um uppeldið á meðan mæðurnar unnu um leið og feðurnir. Að mörgu leyti varð þetta ákveðin klemma fyrir konurnar; þær annaðhvort einangruðust einar heima að sinna heimilinu eða þær fengu að heyra að þær væru ekki að sinna heimilinu nógu vel með því að vera á vinnumarkaðnum. Í seinni tíð hefur mikilvægi þriðju þróunarlínunnar aukist en hún er fjölskylduvæðing feðra. Í dag eru flestar fjölskyldur með 1,5 – 2 fyrirvinnur og hjón og sambýlisfólk skiptir með sér heimilisstörfunum. Það hefur líka haft ákveðin áhrif á karla; þeirra staða er ekki lengur einungis að vera fyrirvinnan og höfuð fjölskyldunnar, breyting hefur orðið á hugmyndum um hvað það er að vera karlmaður (Newman & Grauerholz, 2002).

Í seinni tíð eru konur farnar að vinna meira úti á vinnumarkaði og meiri samvinna hefur orðið um rekstur fjölskyldunnar og heimilisins. Konur eru farnar að gera meiri kröfur til karlmanna varðandi heimilið og uppeldi barna og á sama tíma eru karlar farnir að vilja vera meiri þátttakendur í uppeldi barna sinna (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Talið er að bæði karlar og konur sem hafi frjálslýndari sjónarmið varðandi kynjajafnrétti skipti heimilisstörfum jafnara á milli sín. Þetta er talið eiga sérstaklega við þar sem báðir einstaklingar sambandsins eru í fullri vinnu (Sullivan, 2004). Samkvæmt rannsókn Kolbeins H. Stefánssonar og Þóru K. Þórsdóttur frá 2010, *Gender roles and the division of childcare and housework*, er fólk sammála um að karlar eigi að sinna barnauppleði meira og líka að karlar ættu að sinna heimilisstörfum meira.

Í dag upplifa mörg börn breytt fjölskylduform þar sem þau upplifa og ganga í gegnum skilnað foreldra sinna. Flest þessara barna eiga svo eftir að upplifa annað fjölskylduform, t.d. stjúpfjölskyldu, fósturfjölskyldu eða einsforeldrisfjölskyldu. Mörg njóta umgengni við það foreldri sem þau búa ekki hjá og enn önnur eiga jafnvel eftir að ganga í gegnum annan skilnað foreldra sinna. Gera má ráð fyrir því að viðhorf samfélagsins hafi breyst töluvert í kjölfar þeirra samfélagsbreytinga sem orðið hafa og samfélagsumræðan orðið opnari síðustu ár í kjölfar breyttra fjölskylduforma. Þessi umræða hefur mikið að segja um hvernig einstaklingarnir aðlagast þessum breytingum. Í seinni tíð virðast einnig fleiri leita eftir aðstoð sérfræðinga ef eitthvað bjátar á. Umræðan varðandi aðstoð virðist opnari og því finnst fólki kannski ekki eins mikið mál að fá aðstoð. Í raun hefur verið kallað eftir meiri ráðgjöf varðandi skilnaði og sambúðarslit. Fjölskylduráðgjafar og annað fagfólk hefur í seinni tíð beint sjónum meira að þessu því mikilvægt er að reyna að gera afleiðingar þessa breytta mynsturs börnunum ekki of þungbærar (Sigrún Júlíusdóttir, 2001; Benedikt Jóhannsson, 2004).

Í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur frá 2008 um reynslu foreldra af sameiginlegri forsjá kom fram að foreldrum finnst mikilvægt að vernda börnin og tryggja tengsl þeirra við báða foreldra. Í sömu rannsókn kom skýrt fram að foreldrum fannst vanta meiri almenna ráðgjöf, stuðning og leiðbeiningar svo hægt væri að tryggja umgengni barna við báða foreldra. Með slíkri ráðgjöf væri hægt að tryggja að skaðsemi fjölskyldurofs yrði sem minnst fyrir börnin. Það hefði líka þjóðfélagslegt gildi því þá væru minni líkur á

að börnin ættu í samskiptaerfiðleikum í framtíðinni sem gæti haft samfélagsvanda í för með sér.

Samkvæmt rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur, Helenu Konráðsdóttur og Daggar Pálsdóttur frá 2012 á umfangi og eðli skilnaðarmála sem fóru fyrir alla héraðsdóma landsins á árunum 2006-2010 kom í ljós að í um 66% mála leiddi ráðgjöf til sátta eftir að málin voru komin fyrir dóm. Því virðist sem fólk hafi farið með málin fyrir dómstóla jafnvel þó svo einhver sáttagrundvöllur væri fyrir hendi. Þær breytingar sem gerðar voru á barnalögum og tóku gildi 1. janúar 2013, eru kannski á einhvern hátt svar við meiri eftirspurn eftir ráðgjöf. Þar er lögð áhersla á mikilvægi þess að fólk reyni að ná sáttum áður en leitað er til dómstóla.

Hvað gerist við skilnað?

Augljóslega verða miklar breytingar á högum barna þegar foreldrar þeirra skilja en einnig verða miklar breytingar hjá foreldrunum. Allir eru þessir einstaklingar tengdir fjölskylduböndum þó svo þeir komi ekki til með að búa allir áfram undir sama þaki. Mikilvægast af öllu er þó fyrir foreldrana að reyna að taka eigin egó og setja til hliðar og hugsa um hvað sé börnunum fyrir bestu. Einnig er mikilvægt að muna að þó svo fólk skilji og búi ekki lengur saman, breytir það því ekki að viðkomandi eru enn foreldrar, alla daga allan ársins hring! Framvinda skilnaðarins er börnunum mikilvæg. Mikilvægt er líka að muna að ein af grundvallarþörfum barns er að finna ást og kærleik frá foreldrum sínum. Börn þurfa staðfestingu á réttmæti sinnar tilveru frá foreldrum sínum, foreldrum sem eru fyrirmyndir. Með þessum nánu samskiptum má kenna muninn á réttu og röngu og móta lífsviðhorfið. Hafa verður þó í huga að það hvaða hugmyndir við kennum börnunum okkar um ást, samstöðu og eigin ábyrgð koma ekki bara einhversstaðar frá heldur mótast þær í samhengi við menningu okkar og þær aðstæður sem fjölskyldan býr við (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Í kjölfar skilnaðar þarf að taka afdrifaríkar ákvarðanir varðandi hag barnanna. Engin stofnun getur sagt fólki hvernig það eigi að haga sér en mikilvægt er að reyna að halda dægurprasi og deilumálum foreldranna utan við þessar ákvarðanir. Allavega eins lengi

og mögulegt er. Engir tveir bregðast eins við, sumir reyna að halda skynseminni og tekst að hugsa um hag barnanna sinna en aðrir leysa málin eins og um viðskipti væri að ræða og hugsa ekki endilega um hvað er hverjum og einum fyrir bestu. Reyna þarf að bregðast þannig við að áfallið og breytingarnar hjá börnunum hafi ekki of þungbærar afleiðingar. Stundum hefur því verið haldið fram að það sé í raun ekki skilnaðurinn sjálfur sem hafi mest áhrif á börnin heldur það hvernig allir sem um ræðir eru tilfinningalega í stakk búnir til að takast á við álagið sem fylgir aðlöguninni í kjölfar skilnaðarins (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Samskipti foreldranna skipta því sköpum fyrir börnin. Í þessu samhengi er mikilvægt að muna það sem áður sagði varðandi eigin egó og passa að láta ekki hlutina snúast um eigin vandamál heldur að styðja, passa og vernda börnin. Það er nefnilega þannig að foreldrahlutverkið er í raun lífstíðar-samningur þó svo hjónabandið eða parsambandið endi. Í skilnaðarráðgjöf er oft bent á þetta og fólki leiðbeint með að gera nýjan samning sín á milli í stað parsamningsins sem snýr að því hvernig fólk ætlar að halda áfram að vinna saman sem foreldrar (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

„Börn hafa jákvæða, innbyggða samstöðu og hulda hollustu við fjölskylduna – á sama hátt og fjölskyldan við samfélagið – en takmarkaðar forsendur til að vera meðvituð um aðstöðu sína” (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, bls. 193).

Segja má í raun að þessi setning lýsi því vel hvernig börnin eru; þau vilja vera í góðum tengslum við báða foreldra sína og forðast ætti að setja börn í þannig aðstöðu að þau þurfi að taka sér stöðu með eða á móti öðru hvoru foreldri. Slíkt hlýtur að hafa skemmandi áhrif, ekki bara á einstaklinginn heldur líka á samskipti barnsins við foreldra sína. Stundum er talað um að málefni skilnaðarfjölskyldunnar gangi dálítið eftir því hvernig samningar takast milli foreldranna. Mikilvægt er því að foreldrar nái að vinna persónulega úr skilnaðinum og almenn viðhorf og aðstæður foreldris geta því skipt sköpum.

Í því samhengi má nefna að hlutirnir eru líklegri til að virka vel ef samningar milli foreldra eða forsjáraðila eru ekki þvingaðir fram. Þannig samningar, sem koma með góðum vilja innan frá, eru mun líklegri til að þjóna hagsmunum barnsins. Þessir samningar leiða líklega oft til góðs og ef foreldrar eru í góðu jafnvægi og góðum

samskiptum þá er mun líklegra að hlutirnir gangi vel (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Sum börn upplifa verri tengsl og minni samskipti við það foreldri sem ekki fer með forsjá eftir skilnað. Tengsl barna við föður sinn eru líka mikilvæg og það hefur sýnt sig að hvetji móðir til tengsla við föður og er jákvæð gagnvart þeim líður börnunum yfirleitt betur. Umgengni við það foreldri sem ekki fer með forsjá virðist stundum vera meiri ef deilur foreldra við og eftir skilnað eru litlar. Að sama skapi hefur það sýnt sig að séu deilur foreldra við og eftir skilnað miklar virðist umgengni við forsjárlausa foreldrið minni. Þó svo fjallað sé um það foreldri sem fer ekki með forsjána má heimfæra það á það foreldri sem barn býr ekki hjá (Amato, 1993). Samkomulag og góð samvinna foreldra virðast því lykilatriði í aðlögun barnanna. Áframhaldandi deilur foreldra eftir skilnað geta valdið miklu og óþarfa álagi á líðan barnanna. Jafn mikilvægt er samstarf foreldra og kennara og samstarf heimilis og skóla. Barnið er í raun í höndum þessara einstaklinga og aðila og tilvera barnsins er háð samvinnu og trausti þessara aðila. Hún getur skipt sköpum um það hvernig einstaklingar mótast og hvernig barninu gengur að komast yfir þroskaskeiðin og þær hindranir sem mæta því (Amato, 1993; Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Foreldraumhyggjan má því ekki glatast við skilnað.

Í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og Nönnu K. Sigurðardóttur árið 2000 kom fram að foreldrar töldu að samvinna og jákvæðar væntingar ykju líkurnar á að sameiginleg forsjá virkaði vel. Athyglisvert er samt að flestum bar saman um að mikið skorti á upplýsingar. Flestir töldu þó að viðhorf til samstarfs foreldra væri jákvætt. Í rannsókn Benedikts Jóhannssonar frá 2012 sem heitir *Til skiptis hjá foreldrum* kom fram að þeir unglingar sem búa til skiptis hjá foreldrum sínum eftir skilnað voru betur aðlagaðir en þeir unglingar sem gera það ekki. Það rennir stoðum undir það sem áður sagði að börnum og unglingum líður yfirleitt betur ef móðir er jákvæð gagnvart tengslum þeirra við föður.

Hvað felst í forsjá og umgengni?

Að eiga foreldra sem hægt er að leita til er mikilvægt í uppvexti hvers barns. Foreldrar virka fyrir börnin eins og heimilið virkar stundum fyrir fullorðna; þeir verða einhverskonar griðarstaður þar sem hægt er að kasta grímunni. Þegar rætt er um forsjá og önnur atriði sem snúa að henni er nauðsynlegt að hafa nokkur atriði í huga. Hugtakið forsjá snýst aðallega um skyldur, ábyrgð og réttarstöðu foreldris og skylduna til að koma sameiginlega að ákvörðunum er varða uppeldi barns. Sameiginlega forsjáin snýst því í meginmáli um að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á uppeldi barnsins. Búseta snýst um það hvort það þjónar hagsmunum barnsins best að eiga fasta búsetu á einum stað. Það þýðir að lögheimilisforeldri hefur rýmri heimild til að taka ákvarðanir ef upp kemur ágreiningur. Umgengni snýst svo um samskipti barns og þess foreldris sem barnið býr ekki hjá. Umgengnin getur bæði verið mikil eða lítil. Hún getur líka verið jöfn jafnvel þó svo barnið eigi lögheimili hjá öðru foreldri.

Foreldrar fara með forsjá barna sinna þangað til þau verða sjálfráða og í því felast margs konar skyldur. 28 gr. barnalaganna fjallar almennt um inntak forsjár. Foreldrum ber skylda til að:

„annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo best sem hentar hag barns og þörfum“.

Samkvæmt greininni felur forsjá barns í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barnsins og ákveða búsetustað þess. Foreldrum ber einnig skylda til að vernda barnið sitt fyrir ofbeldi og sýna því umhyggju og virðingu. Í breytingunum árið 2013 sem fjallað verður nánar um hér á eftir, bættist við ný grein, 28. gr.a, ásamt þessari fyrirsögn: *Almennt um inntak sameiginlegrar forsjár*.

Í þessari nýju grein er fjallað um að fari foreldrar sameiginlega með forsjá barns skuli þeir taka sameiginlega allar meiriháttar ákvarðanir sem varða barnið. Ef foreldrar búi ekki saman hafi lögheimilisforeldri heimild til að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins. Þessar ákvarðanir geta snúið að því hvar lögheimili innanlands skuli vera, val á leikskóla eða grunnskóla eða jafnvel reglubundnu tómskundastarfi. Tekið er fram í

lögnum að foreldrar sem fari saman með forsjá barns skuli ávallt reyna að hafa samráð um þessar ákvarðanir.

Hins vegar getur auðveldlega risið ágreiningur um það hvað telst meiriháttar ákvörðun og hvað telst minniháttar ákvörðun þar sem það er hvergi skilgreint í lögnum sérstaklega.

Mikilvægt er að hafa í huga að sameiginleg forsjá þýðir ekki sjálfkrafa að barnið skuli búa jafnt hjá báðum foreldrum, heldur verða foreldrar að koma sér saman um hvernig umgengnin við það foreldri sem barnið á ekki lögheimili hjá skuli vera. Barn telst því búsett hjá því foreldri sem það á lögheimili hjá og skal að jafnaði hafa fasta búsetu þar. Ef foreldrar geta ekki komið sér saman um inntak þessarar umgengni getur sýslumaður úrskurðað um hana. Sýslumaður úrskurðar ekki umgengni sem felur í sér að barn búi á tveimur stöðum. Þannig er almennt ekki úrskurðað um viku í senn aðra hverja viku jafnvel þótt foreldrum sé heimilt að semja um slíka umgengni ef þeir telji það barni fyrir bestu (Þingskjal 328, 2011-2012). Í nýju lögnum er samt sem áður kveðið svo á um að heimilt sé þegar sérstaklega standi á að kveða upp úrskurð um 7 daga umgengni af hverjum 14.

Þannig er mikilvægt að bæði foreldrar og þeir sem ákvarða forsjá barna átti sig á því að til að sameiginleg forsjá verði farsæl krefst hún ekki eingöngu samnings eða ákvörðunar í upphafi. Hún byggir miklu fremur á stöðugu samstarfi foreldra, því að foreldrar-nir beri virðingu fyrir hvoru öðru og sýni tillitssemi og því að þeir séu sveigjanlegir í samstarfi sínu.

Fyrsti áfangi í endurskoðun laganna

Haustið 2007 lagði Dögg Pálsdóttir fram frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 með síðari breytingum. Breytingarnar voru að mestu tengdar jafnréttismálum og sneru að foreldraábyrgð. Frumvarpið dagaði uppi. Í kjölfar frumvarpsins fylgdu þó málefnalegar umræður og umfangsmikið nefndarstarf. Í nóvember árið 2007 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Nefndin var skipuð fulltrúum frá fagfólki, fræðimönnum og hagsmunasamtökum barna og foreldra

og átti hún að fjalla sérstaklega um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og réttarstöðu barna þeirra. Nefndin skilaði lokaskýrslu árið 2009. Í henni komu fram sjónarmið sem sneru meðal annars að því að endurskoða þyrfti barnalögin varðandi forsjá, búsetu og umgengni með hliðsjón af því hvort hagsmunum barna væri þjónað. Slíkt hefði verið gert á hinum Norðurlöndunum. Í þessari skýrslu voru sett fram rök með og á móti heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá. Helstu rökin með slíkri heimild voru að hún gæti haft jákvæð áhrif á samstarfsvilja foreldra. Hún gæti spornað gegn riftun á sameiginlegri forsjá vegna annarra deilumála. Að hún gæti fækkað forsjármálum fyrir dómstólum og að hún gæti aukið mikilvægi og gagnsemi ráðgjafar og sáttaumleitunar í forsjármálum. Einnig var fjallað um að rannsóknir sýndu að sameiginleg forsjá styrkti tengsl foreldra og barna, hvetti fólk til samábyrgðar og samvita og það væri mikilvægt fyrir börn að halda sem mestum tengslum við báða foreldra. Rök á móti heimildinni sneru öll að atriðum sem vörðuðu hagsmuni barnsins. Að sameiginleg forsjá gæti verið neikvæð fyrir barn. Að það gæti valdið barni sársauka, erfiðleikum og togstreitu ef foreldrum tækist ekki að vinna saman. Ef annað foreldrið vildi ekki eiga í samstarfi við hitt mætti draga gildi sameiginlegrar forsjár í efa og ef enginn samstarfsvilji eða samvinna væri milli foreldra gæti það leitt til þess að þau tækju hvort um sig misvísandi ákvarðanir í krafti forsjárréttar eða að annað foreldrið gæti látið hinu alfarið eftir að taka allar nauðsynlegar ákvarðanir. Meginrökin gegn heimildinni voru þegar um ofbeldi milli foreldra væri að ræða og talið væri að barni gæti stafað ógn af foreldri. Þetta frumvarp var endurflutt árið 2009 en dagaði aftur uppi (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Frumvarpið

Frumvarpið sem seinna varð að lögum, breytingar nr. 61/2012 á barnalögum nr. 76/2003, var í meginatriðum samið af nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði árið 2008. Þessi nefnd var skipuð áður en nefndin sem skipuð var 2007 skilaði af sér tillögum. Í þessari nefnd áttu sæti Hrefna Friðriksdóttir lektor í sífja- og erfðarétti við Háskóla Íslands sem jafnframt var formaður, Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari

tilnefnd af Dómarafélagi Íslands og Álfheiður Steinþórsdóttir sálfræðingur tilnefnd af Sálfræðingafélagi Íslands. Varamenn voru Símon Sigvaldason og Þorgeir Magnússon. Með nefndinni vann Jóhanna Gunnarsdóttir, lögfræðingur í ráðuneytinu. Nefndin hitti allmarga þar sem farið var fram á víðtækt samráð. Eitt af hlutverkum nefndarinnar var að skoða hvort þörf væri á að breyta gildandi barnalögum. Tekið var fram að víðtæk endurskoðun hefði á undanförnum misserum farið fram í öðrum norrænum ríkjum á reglum um forsjá, búsetu og umgengni og þær breytingar væru um margt sambærilegar en Ísland skæri sig úr að ýmsu leyti. Í barnarétti hefði á undanförnum árum verið lögð meiri áhersla á að tryggja barni rétt til að þekkja og hafa tengsl við báða foreldra á sama tíma og skyldur foreldra gagnvart barni hefðu verið skerpтар.

Vorið 2011 var frumvarpið lagt fram í breyttri mynd. Ákveðið var að fella burt ákvæði um heimild dómara til að dæma áfram sameiginlega forsjá. Rökin fyrir því voru þau að varlega þyrfti að stíga til jarðar í þessum efnum. Miklar vonir voru því bundnar við þau nýmæli sem fólust í frumvarpinu og sneru að ákvæðum um ráðgjöf og sáttaumleitan. Frumvarpið var lagt fram á 139. löggjafarþingi vorið 2011 en hlaut ekki afgreiðslu þá. Það var lagt aftur fram á 140. löggjafarþingi næstum óbreytt (Þingskjal 328, 2011-2012). Frumvarpinu var þá vísað að lokinni 1. umræðu til umfjöllunar í velferðarnefnd Alþingis sem skilaði svo breytingartillögum í lok maí 2012. Breytingartillögurnar fólu meðal annars í sér að dómari geti ákveðið að annað foreldri fái forsjá barns. Jafnframt geti hann ákveðið að forsjáin verði sameiginleg að kröfu foreldris ef hann telji að aðstæður séu slíkar að það geti þjónað hagsmunum barnsins. Dómara beri þá að taka mið af því hvort forsjáin hafi áður verið sameiginleg og einnig af aldri og þroska barnsins. Mikilvægt sé einnig að líta til þess hvort ágreiningur eða samskipti foreldra séu líkleg til að koma í veg fyrir að barnið geti alist upp við þroskavænleg skilyrði. Á öllum stigum málsins beri dómara að meta hvort líklegt sé að sættir náist (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Breytingarnar voru svo samþykktar á Alþingi 12. júní 2012 og tóku gildi þann 1. janúar 2013.

Lagabreytingin 2013

Eins og fram hefur komið verður ekki farið ítarlega í allar breytingar nr. 61/2012 á barnalögum nr. 76/2003 sem voru samþykktar á Alþingi 12. júní 2012 og tóku gildi 1. janúar 2013 heldur verður eingöngu farið í þær greinar sem snúa á einhvern hátt að þeim hugtökum sem á undan hafa verið rædd, þ.e. forsjá, sameiginleg forsjá, umgengni, skyldu foreldra til að gangast við sáttameðferð áður en forsjármál er höfðað fyrir dómstólum og heimild dómara til að dæma áfram sameiginlega forsjá og ákvarða á sama tíma hvar lögheimili barns skuli vera. Greinarnar eru 28. grein, 33. grein, 34. grein, 46. grein og 47. grein.

28. grein barnalaganna frá 2003 snýr að forsjá og heitir *Almennt um inntak forsjár*. Í nýju lögunum bættist við grein 28. a. og heitir hún *Almennt um inntak sameiginlegrar forsjár*. Fyrri greinin fjallar um hvað felst í forsjá. Lögin geta þó aldrei gert því tæmandi skil hvað felst í að fara með forsjá barns en þarna er kveðið á um skyldur foreldra til að tryggja að barnið njóti umgengni við báða foreldra. Einnig er kveðið á um skyldur foreldra til að vernda barnið sitt fyrir hvers kyns ofbeldi.

Seinni greinin sem fjallar um sameiginlega forsjá er ný. Þar er kveðið mjög skýrt á um að foreldrar skuli taka sameiginlega allar meiriháttar ákvarðanir er varða barn eða börn þeirra. Einnig er gerð grein fyrir því að það foreldri sem barnið á lögheimili hjá hafi meira vald til að taka ákvarðanir um daglegt líf barnsins, svo sem val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu. Samkvæmt lögunum skulu þó foreldrar barns sem búa ekki saman en fara saman með forsjá ávallt reyna að hafa samráð um þessa hluti og virða sjónarmið hvors annars. Þannig eru foreldrar beinlínis hvattir til samvinnu í lögunum.

33. gr. laganna snýr bæði að ráðgjöf og leiðbeiningum og svo sáttameðferð sem er nýmæli. Fyrir breytingar var áherslan á að sýslumaður skyldi bjóða aðilum sérfræðiráðgjöf. Eftir breytingarnar er ekki verið að draga úr skyldu sýslumanns til að tryggja að aðilar hafi aðgang að sérfræðiráðgjöf en dregið er úr því að hún sé boðin sjálfkrafa í hverju máli. Sýslumaður veiti fólki frekar leiðbeiningar og sinni þannig almennri leiðbeiningarskyldu sinni og aðstoði fólk við að finna lausn. Það séu svo aðrir sérfræðingar sem veiti fólki frekari ráðgjöf og aðstoð við lausn ágreinings. Ráðherra setur nánari

reglur t.d. um hæfi þeirra sem sinna þessari ráðgjöf og hvernig hún skuli framkvæmd. Með þessu er tryggt að það séu fagaðilar með nauðsynlega þekkingu t.d. í málefnum barna og stöðu foreldra sem veiti þessa ráðgjöf. Einnig er kveðið á um að sá sem veiti ráðgjöf geti rætt við það barn er málið varðar ef hann telji það þjóna hagsmunum þess. Fellt hefur verið út að samþykki foreldris sé nauðsynlegt. Foreldri sé einungis gerð grein fyrir þessu í því samhengi að barnið mæti á réttum stað á réttum tíma – og það eru engin viðurlög við því að foreldri sinni því ekki. Með þessu ákvæði er ekki gert ráð fyrir því að rætt sé við öll börn en með þessu móti er börnum tryggt að geta leitað að eigin frumkvæði eftir ráðgjöf.

Grein 33. a. sem heitir *Sáttameðferð* er ný. Nú eru foreldrar skyldaðir til að undirgangast sáttameðferð í málum er varða forsjá, umgengni eða dagsektir áður en hægt er að krefjast úrskurðar eða höfða mál. Sýslumaður getur sjálfur veitt þessa meðferð ef hann hefur aflað sér nauðsynlegrar menntunar á því sviði. Annars skuli sérfræðingar í málefnum barna veita sáttameðferð. Með sérfræðingum í málefnum barna er átt við fagaðila sem hafi þá þekkingu sem þarf á þörfum barna og stöðu foreldra. Aðilar geta einnig leitað til annarra sem hafa einhverja sérfræðiþekkingu í málefnum barna og sáttameðferð. Í þessari nýju grein er einnig tekið fram að markmiðið með sáttameðferð sé að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn sem er barni þeirra fyrir bestu. Foreldrarnir skuli mæta sjálfir á þá fundi sem sáttamaður boðar til. Þannig geti foreldrar ekki sent t.d. lögfræðing sinn á þessa fundi. Líklegra er þá að foreldrar átti sig á öllum sjónarmiðum sem liggja til grundvallar og taki þátt í því að ná sátt. Þannig axla þeir líka ábyrgð á því að málið leysist á þann hátt sem er barninu fyrir bestu. Í greininni er líka tekið fram að barni skuli gefinn kostur á að tjá sig við sáttameðferðina svo fremi það sé ekki skaðlegt barninu eða þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Þá er einnig fjallað um meginhlutverk sáttamanns og sáttamanni gefin heimild til að útfæra meðferðina með ólíkum hætti. Undanfarin ár hafa margir tileinkað sér sáttamiðlun og hefur hún verið talin árangursrík í þessum málum. Sáttamaður skal einnig gæta þess að vera „hlutlaus í máli og leitast við að draga fram þá hagsmuni sem leitt geta til þess að máli verði lokið með sátt“. Það fer saman við markmið sáttameðferðar um að hjálpa foreldrum sjálfum að finna þá sátt sem er barni þeirra

fyrir bestu. Það er því á ábyrgð foreldranna að finna lausn þó svo sáttamaður leiði ferlið. Ef sátt næst ekki gefur sáttamaður út vottorð um sáttameðferð. Heimilt er að gefa út vottorðið ef foreldrar mæta ekki á sáttafund eftir að hafa tvisvar fengið kvaðningu. Í vottorðinu er „gerð grein fyrir því hvernig sáttameðferð fór fram, helstu ágreiningsatriðum, afstöðu aðila og sjónarmiðum barns nema það sé talið ganga gegn hagsmunum barnsins“. Helstu atriði máls skulu því koma fram á sáttavottorði en ekki er um umsögn um aðstæður aðila eða mat á hagsmunum barnsins að ræða. Þá skal heldur ekki vera að finna tillögur að lausn í sáttavottorðinu. Þá er tekið fram í greininni að sáttamaður skuli gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Sáttavottorðið er gilt í sex mánuði eftir að það er gefið út. Í þessari grein er líka áréttað að ákvæði um sáttameðferð gildi einnig um aðra en foreldra sem geta gert kröfu um forsjá, umgengni eða dagsektir. Við þessar aðstæður sé það alla jafna barni fyrir bestu að sátt náist um málefni þess. Ráðherra getur svo sett nánari reglur um sáttameðferð, svo sem um hæfi sáttamanna, framkvæmd og vottorð um sáttameðferð.

Í nýju lögnum nefnist 34. grein *Dómur um forsjá, lögheimili barns o.fl.* Í þessari grein er að finna mikilvægar leiðbeiningar um til hvaða sjónarmiða skuli líta við ákvörðun í forsjármáli. Dómari skuli ákveða hvernig forsjá barns verði háttáð eftir því sem sé barni fyrir bestu. Við þá ákvörðun skuli hann líta m.a. til „hæfis foreldra, stöðugleika í lífi barns, tengsla barns við báða foreldra, skyldu þeirra til að tryggja rétt barnsins til umgengni, hættu á að barnið, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi svo og vilja barns að teknu tilliti til aldurs og þroska“. Þó ekki sé um tæmandi upptalningu að ræða er hér lögð áhersla á skyldur foreldra gagnvart barni sínu og rétt barnsins. Tengsl barns við foreldri er oft lykilatriði við ákvörðun um forsjá og hér er fyrst og fremst átt við jákvæð og uppbyggileg tengsl. Hér er líka ítrekuð skylda beggja foreldra til að tryggja rétt barns til umgengni við báða foreldra. Að sama skapi er vilji barnsins nefndur og minnt á að barn öðlast vaxandi rétt miðað við aldur og þroska.

Í nýju lögnum er það í þessari grein sem heimild dómara til að dæma áfram sameiginlega forsjá kemur inn. Þar segir að dómari geti dæmt að forsjá skuli áfram vera sameiginleg að kröfu foreldris ef hann telji þær aðstæður fyrir hendi að slíkt geti

þjónað hagsmunum barnsins. Ef dómari dæmir sameiginlega forsjá ber honum jafnframt að kveða á um hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili. Við mat á því hvort forsjá skuli vera sameiginleg beri dómara einnig að taka mið af því hvort forsjáin hafi áður verið sameiginleg og líka aldri og þroska barns. Þá beri honum sérstaklega að líta til þess hvort ágreiningur eða samskipti foreldra séu líkleg til að koma í veg fyrir, hindra eða draga úr möguleikum barns til að alast upp við þroskavænleg skilyrði. Dómara ber einnig að kveða á um „meðlag í dómi, sem og um inntak umgengnisréttar barns og foreldris og kostnað vegna umgengni“, hafi sátt ekki þegar náðst um þessi mál. Dómari hefur m.a. heimild til að dæma að umgengnisréttar njóti ekki við, hann getur tiltekið skilyrði fyrir því hvernig umgengnisrétti verði beitt og hann getur líka dæmt umgengni í 7 daga af 14. Þá getur dómari einnig ákveðið eftirlit af hálfu sérfræðings. Með þessum heimildum getur dómari metið og dæmt um inntak umgengni af eins mikilli nákvæmni og nauðsynleg er vegna þarfa barns í hverju máli.

Í nýju lögunum kallast 46. grein *Umgengni við foreldri*. Hér er áfram gengið út frá rétti barnsins til umgengni við það foreldri sem það býr ekki hjá, svo lengi sem það sé ekki andstætt hagsmunum barnsins. Hér er einnig ítrekuð sú skylda beggja foreldra að réttur barnsins til umgengni við báða foreldra sé virtur og einnig er tekið fram að það foreldri sem barn býr ekki hjá eigi í senn rétt og beri skylda til að rækja umgengni við barn sitt. Það foreldri sem barn býr hjá er að sama skapi skylt að stuðla að því að barn njóti umgengni við hitt foreldri sitt nema hún sé andstæð hag og þörfum barns að mati dómara eða lögmalets stjórnvalds. Foreldri getur því samkvæmt þessu ekki sjálft ákveðið að umgengni við hitt foreldrið sé andstæð hag barnsins. Tekið er fram í þessari grein að með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti. Það færir að vissu leyti lögin nær nútímanum. Önnur samskipti geta t.d. verið símtöl, bréf eða annað sem leggja má að jöfnu. Í nýju lögunum er að finna nýmæli um rétt foreldris sem nýtur umgengni til að taka nauðsynlegar ákvarðanir sem þarf að taka um daglegt líf barns sem fylgja umgengninni. Nauðsynlegar ákvarðanir geta verið ákvarðanir um klæðaburð, svefntíma, mataræði, samskipti við aðra og líka afþreyingu meðan umgengni varir. Þessi réttur gildir meðan umgengni varir. Einnig er tekið fram að það foreldri sem barn býr hjá beri að tryggja að umgengnisforeldri „fái nauðsynlegar

upplýsingar til þess að umgengnin þjóni hag og þörfum barnsins”. Þarna er aftur ítrekað hversu mikilvægt það sé að foreldrar geti haft gott samstarf um umgengnina og það sem snýr að barninu.

Í nýju lögunum var bætt inn grein 46. a. sem heitir *Umgengni við aðra*. Hún kveður á um að ef annað foreldra barns er látið eða bæði, foreldri er ókleift að rækja umgengnisskyldur sínar við barn eða foreldri nýtur verulega takmarkaðrar umgengni á barnið rétt á umgengni við nána vandamenn þess foreldris eða aðra nákomna barni, enda verði talið að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Barn á rétt á umgengni við foreldra nema það sé andstætt hagsmunum þess en það á rétt á umgengni við nákomna ef það þjónar hagsmunum þess. Þarna er tryggt að barnið geti t.d. notið umgengni við ömmu og afa ef foreldri getur ekki rækt umgengnisskyldur sínar við barnið. Hér á einnig við að réttur barns þegar hann á við takmarkast ekki eins og áður heldur miðast almennt við nána vandamenn foreldris sem nýtur ekki umgengni eða aðra nákomna barni. Hér getur t.d. verið átt við þá sem hafa verið í hjónabandi eða sambúð með foreldri. Réttarstaða stjúeforeldra er því bætt.

Grein 47. nefnist *Úrskurður sýslumanns um umgengni* í nýju lögunum. Í henni er að finna ýmis nýmæli. Fyrst kveður greinin á um að sýslumaður geti tekið ákvörðun um umgengni ef foreldra greinir á um hana. Svo eru tilgreind þau sjónarmið sem sýslumanni ber að líta til við ákvörðunina. Hann skal m.a. líta til tengsla barns við báða foreldra því þau skipta miklu máli varðandi umgengnina. Horfa verður til hæfileika barns til að mynda tengsl með tilliti til vitsmunaprofka. Ef barn hefur haft sterk og jákvæð tengsl við umgengnisforeldrið má gera ráð fyrir rýmri umgengni. Hann lítur einnig til aldurs barns því hann skiptir miklu máli. Þarfir barna eru mismunandi eftir aldurs skeiðum og þol barns til að vera aðskilið frá aðalumönnunaraðila á unga aldri er kannski ekki svo mikið. Stöðugleiki í lífi barns skiptir máli fyrir þroska þess og þá sérstaklega eftir því sem börn eru yngri. Því er mikilvægt að dagleg rúttina barna sé sem líkust hjá báðum foreldrum. Sýslumaður lítur líka til þess hvernig umgengni og samskipti hafa verið áður en upp kom ágreiningur og hvort nauðsynlegt sé að gera einhverjar breytingar eða ekki. Hann lítur einnig til búsetu foreldra þar sem almennt er talið að mjög rúm umgengni sé barni fyrir bestu einungis ef foreldrar búa mjög nálægt

hvort öðru. Ef sérstaklega stendur á getur sýslumaður úrskurðað um umgengni í allt að 7 daga af hverjum 14. Oft er miðað við að barn hafi náð ákveðnum aldri, að barnið gangi í einn skóla, að heimilin séu nálægt og að samfella sé í félagsstarfi barnsins og vinatengslum. Við þessa ákvörðun er líka nauðsynlegt að líta til persónulegra eiginleika foreldra og hvort þeir hafi næga getu til að láta ekki eigin ágreining og samskipti koma í veg fyrir að barnið alist upp við þroskavænleg skilyrði. Ef samstarfsgrundvöllur foreldra er ekki fyrir hendi þá kemur jöfn umgengni ekki til álita því hún er sú umgengni sem gerir mestar kröfur til foreldra. Þá lítur hann einnig til vilja barns að teknu tilliti til aldurs og þroska. Honum ber einnig að meta hættu á að barnið, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi og líta sérstaklega til þess hvort ágreiningur eða samskipti foreldra séu líkleg til að koma í veg fyrir, hindra eða draga úr möguleikum barns til að alast upp við þroskavænleg skilyrði. Barnið á rétt á umgengni sem er því til góðs. Sýslumaður getur kveðið svo á um að umgengnisréttar njóti ekki við ef hann telur að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag og þörfum þess. Sýslumaður úrskurðar í meginatriðum hvernig umgengnisrétti skuli beitt og svo er það í höndum foreldra að útfæra umgengnina nánar ef þörf krefur. Stundum er þó nauðsynlegt fyrir sýslumann að útfæra ýmis atriði nánar. Mikilvægt er að foreldrar átti sig á því hvaða sjónarmið liggja til grundvallar því það getur nýst þeim til leiðsagnar við gerð samninga um umgengni. Í þessari nýju grein er einnig kveðið á um að sýslumaður úrskurði með sama hætti um umgengni barns við nána vandamenn eða aðra nákomna ef sú umgengni er til hagsbóta fyrir barnið. Tekið er fram í greininni að það foreldri sem er ókleift að rækja umgengisrétt sinn eða nýtur verulega skertrar umgengni á kost á að skila umsögn áður en úrskurðað er um umgengni við aðra.

Í þessum lagabreytingum er að finna ýmis nýmæli. Mikil áhersla er lögð á rétt barns til umgengni við báða foreldra og þá skyldu foreldra að barnið þeirra njóti umgengni við þau. Þannig er tekið fram að því foreldri sem barnið búi hjá beri skylda til að tryggja að barnið njóti umgengni við hitt foreldrið og að sama skapi hvílir skylda á umgengnisforeldri að barnið njóti samvista við það. Einnig er tekið fram að tekið skuli tillit til vilja barnsins með tilliti til aldurs og þroska. Einnig er áhugavert að sjá tilgreind þau atriði sem dómari eða sýslumaður skuli líta til þegar tekin er ákvörðun um forsjá eða

umgengni. Þar með eru orðin lögfest þau sjónarmið sem mikilvæg eru talin til að tryggja börnum þroskavænlegar aðstæður. Mikilvægt er að foreldrar átti sig á þessum sjónarmiðum því þau geta auðveldað þeim að vinna að samkomulagi sínu á milli. Í lögnum er líka gerð krafa um að fólk reyni að ná samkomulagi áður en það fær að fara lengra með mál og það hlýtur að vera af hinu góða fyrir alla sem um ræðir, þá sérstaklega barnið.

Sameiginleg forsjá og sáttameðferð

Sameiginleg forsjá, þar sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barna sinna, var lögfest á Íslandi 1992 (Barnalög nr. 20/1992) og varð þá að valmöguleika foreldra. Árið 2006 var sameiginleg forsjá lögfest sem meginregla sem þýddi að þegar fólk skildi var forsjá áfram sameiginleg nema samið væri um annað. Barnalög nr. 76/2003 höfðu áður tekið gildi, og með þeim breytingum gátu foreldrar krafist úrskurðar sýslumanns um umgengni og meðlag þó að forsjáin væri sameiginleg.

Síðustu breytingar á barnalögum, sem þessi ritgerð fjallar um, stuðla að því að skaðsemi skilnaðar verði sem minnst gagnvart börnum og foreldrum. Áður hefur komið fram að samfélagsumræðan virðist opnari og áhugi foreldra virðist meiri til að ná góðum árangri í foreldrasamstarfinu. Foreldrar virðast átta sig á að langvarandi ágreiningur á milli þeirra getur valdið skaðlegum afleiðingum á heilsu og þroska barns. Í rannsókn Sigrúnar Júlíusdóttur og Jóhönnu Rósu Arnardóttur frá 2008 sem ber heitið *Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda – Rannsókn um sjónarhorn foreldra* kom fram að 92% svarenda fóru sameiginlega með forsjá barns. Í sömu rannsókn kom fram að 46% svarenda töldu þörf á ráðgjöf við ákvarðanatöku, framkvæmd og eftir skilnað.

Í M.A. ritgerð Írisar Daggar Lárusdóttur frá 2012 kom fram að um þriðjungur svarenda taldi sig hafa fengið nægilega ráðgjöf varðandi hvernig væri best að koma á góðu fyrirkomulagi varðandi börnin eftir skilnað. Þeir foreldrar sem áttu í miklum deilum við og eftir skilnað töldu sig hins vegar oftast ekki hafa fengið þá ráðgjöf sem þeir töldu þörf á. Stærstur hluti svarenda taldi sig hafa fengið almenna skilnaðarráðgjöf hjá sýslumanni

en vildi gjarnan fá ráðgjöf, sérstaklega varðandi samvinnu og samskipti, hjá félagsráðgjöfum eða sálfræðingum (Íris Dögg Lárusdóttir, 2012). Í dag þykja skilnaðir nokkuð algengir og síðustu áratugi hefur því stór hópur barna gengið í gegnum skilnað foreldra sinna. Þessa fjölgun skilnaða í nútíma þjóðfélögum er nauðsynlegt að skoða sem hluta af þróun samfélagsins. Ef tekinn er með fjöldi barna sem upplifir sambúðarslit má áætla að á árunum 2001-2003 hafi 1341 börn gengið árlega í gegnum skilnað foreldra sinna og samkvæmt vef Hagstofu Íslands höfðu 9874 börn upplifað skilnað eða sambúðarslit foreldra sinna 2004-2011 (Benedikt Jóhannsson, 2004; Hagstofan.is, 2015). Því er ljóst að um gríðarlegan fjölda barna er að ræða. Á sama tíma virðast þekking og umræða um ráðgjöf og sáttameðferð hafa aukist og hin ýmsu fjölskylduform þykja ekki tiltökumál. Öllum foreldrum er nú skylt að reyna að leita sátta áður en farið er með forsjárdeilu fyrir dómstóla. Það gerist með ráðgjöf eða sáttameðferð hjá sýslumanni eða meðferð hjá öðrum sérfræðingi. Fyrsti tíminn í sáttameðferð hjá sýslumanni er skylda. Rannsóknir sýna að árangur sáttameðferðar getur verið margþættur. Hún gerir foreldrum kleift að koma auga á í hverju deilur þeirra eru raunverulega fólgnar og getur leyst stærstan hluta ágreiningsmála milli foreldra sem annars þyrfti að leysa með úrskurði eða dómi. Þannig sparar hún bæði tíma og fé. Aðilar virðast líka vera ánægðari með niðurstöðuna og þar með er líklegra að eftir henni sé farið. Hún bætir einnig samskipti foreldra verulega innbyrðis og samskipti foreldra og barns til lengri tíma litið. Með sáttameðferð er foreldrum á þann hátt leiðbeint og hjálpað til að ná þess konar samningi að hann sé barni eða börnum fyrir bestu. Þannig er foreldrum gert betur kleift að taka upplýstar ákvarðanir um þau málefni er varða börn þeirra (Þingskjal 328, 2010-2011). Nánar er fjallað um sáttameðferð hjá sýslumanninum í Reykjavík hér á eftir.

Settar hafa verið reglur til bráðabirgða um sérfræðiráðgjöf og sáttameðferð og hafa þær verið birtar á vef innanríkisráðuneytisins. Þessar reglur gilda þar til sett hefur verið reglugerð um málið. Þar kemur fram að foreldrar geti „ekki samið um að sleppa því að undirgangast sáttameðferð áður en krafist er úrskurðar eða mál er höfðað“. Einnig er tekið fram að markmið sérfræðiráðgjafar sé að leiðbeina með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu og að sérfræðiráðgjöfin sé „veitt af hálfu starfsmanns sýslumanns sem er

sérfræðingur í málefnum barna, það er þess sem hefur nauðsynlega menntun og þekkingu á þörfum barna og stöðu foreldra". Sýslumaður getur þó líka gert sérstaka samninga við aðra sérfræðinga í þessum málefnum. Sérfræðiráðgjöf þessa skal að jafnaði veita í einu eða tveimur viðtölum. Einnig er fjallað um sáttameðferð í þessum reglum og tekið er fram að markmiðið með sáttameðferð sé „að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn ágreinings sem er barni fyrir bestu". Sáttamaður gerir að jafnaði ekki tillögur að lausn heldur er hann fyrst og fremst til að stýra og leiða sáttafundi þannig að líklegt sé að foreldrar geti greint þarfir barnsins og náð sátt um málefni þess. Þar er einnig tiltekið að „sáttamaður skal hafa lokið háskólaprófi til starfsréttinda í lögfræði, sálfræði, félagsráðgjöf eða sambærilegum greinum og hafa unnið að lágmarki í tvö ár við meðferð mála þar sem reynir beint á hagsmuni barna og/eða foreldra". Einnig skal sáttamaður hafa menntað sig sérstaklega í sáttameðferð eða sáttamiðlun eða hafa mikla reynslu á því sviði. Hér kemur aftur fram eins og í barnalögunum sjálfum að foreldrum er skylt að mæta sjálfir á þá sáttafundi sem boðað er til. Foreldrum er að lágmarki boðinn einn sáttafundur. Ef ekki næst sátt þá má sáttamaður boða til allt að þriggja funda í viðbót. Ef hins vegar foreldrar eru sammála um að óska frekari sáttafunda og líkur eru á að þeir nái samkomulagi má bjóða fleiri sáttafundi, þó ekki fleiri en þrjá. Þarna er einnig að finna góðar lýsingar á stöðu barns við sáttameðferð, lokum sáttameðferðar og sáttavottorði. Næst síðasti kafli þessara reglna fjallar um sérreglur um sáttameðferð á vegum sýslumanns.

Sáttameðferð hjá sýslumanninum í Reykjavík

Eins og áður sagði var ein af breytingunum á lögnum 2013, 33. gr. a. *Sáttameðferð*, sem felur í sér þá skyldu sem nú hvílir á foreldrum að leita sátta hjá sýslumanni áður en hægt er að höfða forsjármál eða krefjast úrskurðar um umgengni og dagsektir. Tekið var viðtal við Þórdísi Rúnarsdóttur sáttamann hjá sýslumanninum í Reykjavík þann 22. apríl 2015 og kom þar fram að gleðilegt væri hversu miklum árangri sáttameðferðin væri að skila en sátt næðist í um 60% tilfella. Í ársskýrslu sýslumannsins í Reykjavík fyrir árið 2013 kemur fram að það ár komu 2187 ný sifjamál til sýslumanns. Niðurstaða á

grundvelli samkomulags náðist í 1493 málum og úrskurðir í ágreiningsmálum voru 190 (Ársskýrsla 2013). Í viðtalinu við Þórdísi kom fram að árið 2014 og það sem af er 2015 bárust enn fleiri sifjamál til sýslumanns. M.v. fyrstu mánuði ársins 2015 stefnir í tæplega 700 forsjármál þetta ár sem fara munu í sáttameðferð hjá sýslumanni. Það verður að teljast mikil aukning (Þórdís Rúnarsdóttir, 2015).

Þegar breytingarnar nr. 61/2012 tóku gildi í byrjun árs 2013 stækkaði umdæmi sýslumannsins í Reykjavík og hann sinnir nú öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu í sifjamálum. Sáttameðferðin fer því öll fram hjá sýslumanninum í Reykjavík og einnig hafa sáttamenn þar aðstoðað og veitt ráðgjöf minni embættum úti á landi. Í júní sama ár voru ráðin til embættis sýslumannsins í Reykjavík tveir félagsráðgjafar og sálfræðingur til að sinna sáttameðferðinni ásamt þeim löglerðu fulltrúum sem fyrir störfuðu hjá embættinu og höfðu sinnt henni áður. Í dag eru þau tvö, Þórdís Rúnarsdóttir og Bóas Valdórsson, með félagsvísindagrunn ásamt lögfræðingunum. Þessar breytingar höfðu gríðarleg áhrif á verkferla hjá sýslumanni og suma hluti þurfti að hugsa upp á nýtt. Nú eru hins vegar liðin tvö ár síðan breytingarnar tóku gildi og hlutirnir farnir að ganga eins og smurð vél (Þórdís Rúnarsdóttir, 2015).

Þau Þórdís og Bóas sjá um meiri hluta sáttameðferða og skipta vikunni á milli sín þar sem einungis er eitt viðtalsherbergi sem hægt er að halda sáttafundi í. Lögfræðingarnir geta haldið sáttafundi á sinni skrifstofu en þá er umhverfið ekki eins og best verður á kosið, t.d. situr sáttamaður þá bak við stórt skrifborð með aðilana á móti sér. Í viðtalsherberginu sitja allir í hring og engin borð eru á milli einstaklinga. Þar sem lögfræðingarnir sinna líka öðrum málaflokkum fyrir embættið sinna þeir miklu færri sáttamálum á ári en þau tvö sem hafa félagsvísindagrunn í sinni menntun. Mjög misjafnt er hversu marga sáttafundi fólk þiggur. Sýslumaður má bjóða 7 fundi á 12 mánaða tímabili en sumir þiggja bara einn fund. Meðaltals fjöldi tíma fólks í sáttameðferð eru þrjú – fjögur skipti. Samkvæmt því sem Þórdís segir kemur líka fyrir að fólk mæti staðráðið í að þiggja ekki sáttameðferðina. Fólk er þá eingöngu mætt í fyrsta tímenn til að tilkynna að það sjái ekki tilgang með þessu og ætli sér að fara fyrir dómstóla. Í sjálfu sér er ekki hægt að banna það því það eru engin viðurlög eða íþyngjandi ákvæði í lögnum við því að mæta ekki í fleiri skipti en mikilvægt sé að fá þessa einstaklinga til

að staldra aðeins við, jafnvel þó ekki sé nema í tvær mínútur. Ef það náist að fá fólk til að staldra við er hægt að hjálpa því að sjá stóru myndina; hvaða afleiðingar það hefur fyrir fólk í stóra samhenginu að fara í dómsmál. Kostnaðurinn er ekki eingöngu peningalegur heldur ekki síður andlegur og tilfinningalegur. Hvaða afleiðingar hefur það t.d. á samskipti foreldranna að fara í dómsmál? Eða á samstarf þeirra? Hvað gerist ef dómur er fallinn og foreldrarnir talast ekki enn við? Hvaða áhrif hefur þetta á barnið og þeirra lífsgæði? Það er nefnilega mikil skerðing á lífsgæðum að standa í svona stríði nánast uppá hvern einasta dag. Og það er kannski eitt það mikilvægasta í sáttameðferðinni; fólk er ekki komið þangað í góðu og kannski er stríðið milli þeirra búið að standa í mörg ár. Því má ætla að það sé gríðarlega mikilvægt að ná að koma á einhverju samtali milli fólks til að reyna að hjálpa. Þórdís segist trúa á samtalið og í raun sé ótrúlegt hvað sáttameðferðin gangi oft vel. Það sé nefnilega hægt að hjálpa fólki.

Sáttameðferðin byggist að miklu leyti á því að sáttamaður stjórnar samræðunum og einungis einn talar í einu. Þannig verða hinir að hlusta og allir geta komið sínum skoðunum á framfæri, sagt frá sínum óskum, áhyggjum og vonbrigðum. Sáttamenn eru mis virkir inni í einstökum málum en ef hægt er að ná aðilum niður á einlægt plan þar sem samtalið er dálítið eins og „ping pong“ þá hlustar fólk yfirleitt öðruvísi. Þannig eru auknar líkur á að fólk mæti meiri skilningi þegar samtalið fer svona fram. Misjafnt er hversu langan tíma hver sáttafundur tekur, eða frá einni til fjögurra klukkustunda. Fer það að mestu eftir hversu margir mæta á fundinn. Ef stjúppforeldrar og ömmur og afar mæta líka eru fleiri sem þurfa að tala og þá eðlilega taka fundirnir lengri tíma.

Í 47. gr barnalaga er kveðið á um að sýslumaður geti úrskurðað til bráðabirgða um umgengni. Þórdís segir að það gerist ekki oft. Það náist yfirleitt einhver samstarfsflötur hjá fólki strax við fyrsta sáttafund. Upplifun Þórdísar er að ef það náist einhver glóra í fólk þá hugsar það um hvernig hægt sé að hafa hlutina núna þangað til fólk sé búið í sáttameðferðinni. Börnin eru jafnvel farin að sýna einhverja vanlíðan eða einhver einkenni hennar og fólk sé yfirleitt tilbúið að bakka á meðan óskir allra eru skoðaðar. Fólk einfaldlega sýni þessu skilning og því sé ekki oft úrskurðað til bráðabirgða um umgengni. Það gæti þó haft áhrif hér að fólk verður sjálft að óska eftir þessum

úrskurði, hann er ekki sjálfkrafa inní ferlinu. Flest tilfelli þar sem úrskurðað er til bráðabirgða eru ef algjört rof hefur verið í umgengni. Þau mál séu sem betur fer undantekning en samt sem áður séu þau of mörg. En mikilvægast sé að oftast nái fólk að bakka og sýna hvoru öðru örlítinn skilning í þessu ferli og frábært sé að sjá þegar púslin svo allt í einu falla á réttan stað (Þórdís Rúnarsdóttir, 2015).

Í grein sem birtist í *Lögmannablaðinu* 2014 og fjallar um gjafsókn kemur fram að flestar umsóknir sem berist vegna gjafsókna komi vegna forsjármála. Eftir að þessi nýju lög tóku gildi hefur umsóknum um gjafsókn í þessum málaflokki fækkað um 25%. Fækkun milli árána 2012 og 2013 megi líklega rekja til þess að eftir að nýju lögin tóku gildi og sáttameðferð varð skylda hafi forsjármálum sem komu til kasta dómstóla fækkað (Eyrún Ingadóttir, 2014).

Eins og áður sagði skilar sáttameðferðin sátt í um 60% tilfella. Það verður að teljast mjög gott. Árangur sáttamanna með grunn í félagsvísindum er meiri en þeirra lögfræðinga sem sinna sáttameðferðinni (Þórdís Rúnarsdóttir, 2015). Má leiða að því líkur að nálgun sáttamanna með þennan bakgrunn sé einfaldlega önnur og vænlegri til árangurs. Árangur Norðmanna í þessum málum þar sem allir sáttamenn hafa grunn í félagsvísindum styrkir þetta. Nánar verður fjallað um það síðar í ritgerðinni.

Hvað segja tölurnar?

Til að meta árangur lagabreytinganna voru fengnar tölur um fjölda forsjármála frá öllum héraðsdómum landsins. Borið var saman hversu mörg forsjármál voru höfðuð hjá hverjum héraðsdómi frá 1. janúar 2011 – 31. desember 2012 og frá 1. janúar 2013 – 31. desember 2014.

Forsjámál	01.01.11-31.12.12	01.01.13-31.12.14
Héraðsdómur Reykjavíkur	80	56
Héraðsdómur Vesturlands	6	5
Héraðsdómur Vestfjarða	4	0
Héraðsdómur Norðurlands vestra	2	2
Héraðsdómur Norðurlands eystra	11	8
Héraðsdómur Austurlands	1	0
Héraðsdómur Suðurlands	17	0
Héraðsdómur Reykjaness	68	38
Samtals	189	109

Niðurstöðurnar sýna svo ekki verður um villst að sáttameðferð er að skila frábærum árangri. Hjá öllum héraðsdómum nema einum varð fækkun mála sem höfðu voru milli tímabila. Hjá Héraðsdómi Norðurlands vestra var sami málafjöldi fyrir og eftir breytingar. Þetta verður að teljast frábær árangur. Almennt er fækkunin um 30% en sumstaðar er fækkun mála 100%. Það er í raun ótrúlegt. Draga má þá ályktun að hefðu þeir sem höfðuðu mál fyrir dómstólum á fyrra tímabilinu verið skyldaðir til að undirgangast sáttameðferð hefðu sum þessara mála ekki endað fyrir dómstólum. Að skylda foreldra í sáttameðferð virðist því hafa haft jákvæð áhrif á samstarfsvilja foreldra. Rannsóknarniðurstöður hafa sýnt að sameiginleg forsjá styrki tengsl foreldra og barna og ef hægt er að hafa jákvæð áhrif á samstarfsvilja foreldra hefur það líka áhrif á samband barns við báða foreldra. Eins og við vitum og áður hefur komið fram er nefnilega mikilvægt að barn sé í góðum tengslum við báða foreldra sína. Við sjáum að sátt næst oftast og málum sem fara fyrir dómstóla hefur fækkað. Því má leiða að því líkur að það að skylda fólk í sáttameðferð hafi skilað sínu. Þau mál þar sem enginn samstarfsvilji er fyrir hendi fara því frekar fyrir dómstóla. Eins og áður hefur komið fram lítur dómari til ákveðinna sjónarmiða áður en hann kveður upp úrskurð um forsjá.

Í þessum sjónarmiðum er kveðið á um að dómari ákvarði forsjá eftir því sem er barni fyrir bestu. Ef samstarfsvilji foreldra er ekki fyrir hendi dæmir dómari ekki sameiginlega forsjá að kröfu annars foreldris. Heimild dómara til að dæma áfram sameiginlega forsjá var aðeins sjö sinnum beitt á tímabilinu 2013-2014. Einu sinni hjá héraðsdómi Reykjaness og 6 sinnum hjá héraðsdómi Reykjavíkur. Í einu máli þar voru foreldrar sammála um forsjána en ágreiningsmálin voru önnur og því má segja að í raun hafi heimildinni aðeins verið beitt 6 sinnum á landsvísu varðandi ágreining um forsjá. Það eru 6,5% af heildarfjölda forsjármála. Sáttameðferð sem skylda áður en dómari getur mögulega dæmt áfram sameiginlega forsjá hefur því skilað sínu.

Í ársskýrslu sýslumannsins í Reykjavík 2013 má sjá frekari tölur um fjölda mála. Ekki liggja fyrir tölur fyrir árið 2014. Embættinu er markað hlutverk fyrir starfsemi sína í lögum nr. 92/1989 um framkvæmdavald ríkisins í héraði. Sifja- og skiptadeild sér um stjórnarsýslumeðferð fjölskyldu- og ættleiðingamála og verkefni vegna dánarbúa og leyfa til líkbrennslu og álagning á erfðafjárskatti. Undir fjölskyldumál falla skilnaðir, hjónavigslur, mál vegna sambúðarslita, forsjár, meðlags, sérframlags, menntunarframlags, umgengni og dagsekta.

Þegar breytingar á barnalögum tóku gildi í upphafi árs 2013 breyttist margt hjá embætti sýslumanns. Meðal annars fólu þessar breytingar í sér að sýslumaður getur nú boðið foreldrum sérfræðiráðgjöf í tilteknum málum sem koma til meðferðar og einnig er það skylda sýslumanns að bjóða sáttameðferð með foreldrum áður en forsjármál er höfðað eða krafist úrskurðar frá sýslumanni um umgengni eða dagsektir. Þessi verkefni voru ný og breytt fyrir embættið. Eins og sést í töflunni um forsjá, meðlagsmál og sérframlög varð mikil aukning í forsjár- og meðlagsmálum árið 2013 og má rekja þessa aukningu til áðurnefndra breytinga á barnalögum frá 1. janúar 2013 þar sem öllum er nú skylt að fara í sáttameðferð áður en höfða má forsjárdeilu fyrir dómstólum. Einnig þarf nú að staðfesta hjá sýslumanni breytingu á lögheimili barns frá einu forsjárforeldri til annars og sýslumaður getur úrskurðað um heimild forsjárforeldris til að fara með barn í ferðalag erlendis.

SIFJAMÁL

Ár	2011	2012	2013
Ný mál alls	2196	1941	2187
Úrskurðir í ágreiningsmálum	209	175	190
Niðurstaða á grundvelli samkomulags	1477	1394	1493

Undir sifjamál falla einkum mál er varða hjónavígslur, hjónaskilnaði, sambúðarslit, meðlag, sérframlag eða menntunarframlag, umgengni, dagsektir, faðerni eða forsjár- og lögheimili. Töflurnar hér á eftir sýna fjölda mála í hverjum flokki.

UMGENGNIS- OG DAGSEKTARMÁL

Ár	2011	2012	2013
Fjöldi umgengnismála	228	229	246
Umgengnisúrskurðir	39	37	23
Samningar um umgengni	84	86	106
Fjöldi dagsektarmála	29	26	35
Úrskurðir í dagsektarmálum	65	68	77

Eins og áður hefur komið fram á barn rétt á umgengni við báða foreldra sína. Ef samkomulag næst ekki milli foreldra getur sýslumaður úrskurðað um umgengni. Ef umgengni er hindruð getur sá sem á rétt á umgengni samkvæmt úrskurði farið fram á að það foreldri sem hindrar umgengnina verði beitt dagsektum.

FORSJÁ, MEÐLAGSMÁL OG SÉRFRAMLÖG

Ár	2011	2012	2013
Faðernis- og meðlagsmál	258	129	142
Almenn meðlagsmál	260	207	233
Forsjár- og meðlagsmál	323	297	489
Úrskurðir um meðlag	77	62	80
Samningar um meðlag	111	96	127

Þegar foreldrar skilja eða slíta sambúð er þeim skylt að ákveða forsjá og meðlagsgreiðslur með barni. Einnig þurfa foreldrar að gera með sér samning um breytingu á forsjá eða lögheimili. Sú mikla aukning sem varð í forsjár- og meðlagsmálum árið 2013 er rakin til áður nefndra breytinga á barnalögunum. Ef ágreiningur er milli foreldra er þeim nú skylt að undirgangast sáttameðferð áður en dómsmál er höfðað.

SKILNAÐARMÁL O.FL.

Ár	2011	2012	2013
Skilnaðarmál (alls)	539	500	531
Leyfi til skilnaðar að borði og sæng	210	211	238
Leyfi til lögskilnaðar	250	227	228

Hjón sem eru sammála um að skilja eða annað samþykkir kröfu hins um skilnað geta óskað eftir skilnaði að borði og sæng hjá sýslumanni. Þegar hjón hafa verið skilin að borði og sæng í 6 mánuði geta þau krafist lögskilnaðar.

SÁTTAMEÐFERÐ OG SÉRFRÆÐIRÁÐGJÖF

Ár 2013 (frá júlí)	Fjöldi mála	Fjöldi viðtala
Heildarfjöldi	192	405
Sáttameðferð og sérfræðiráðgjöf	171	
Viðtöl við barn skv. 74 gr. bl.	13	
Umsögn/álitsumleitan	6	
Eftirlit með umgengni	2	

Með áður nefndum lagabreytingum 2013 var komið til móts við óskir foreldra um aukna fræðslu og ráðgjöf í tengslum við skilnaðar- og sambúðarslitamál. Foreldrar fá meiri þjónustu og aðstoð ef þeir deila um málefni barna sinna. Þessi nýju úrræði um ráðgjöf sérfræðings og sáttameðferð gera foreldrum betur kleift að setja hagsmuni og velferð barna sinna í fyrsta sæti þegar ágreiningur kemur upp.

Hvernig er þessum málum háttað í Danmörku og Noregi?

Eins og áður sagði hefur farið fram víðtæk endurskoðun í öðrum norrænum ríkjum á undanförunum árum á reglum sem snúa að forsjá barna, búsetu og umgengni. Alls staðar hefur verið lögð meiri áhersla á það að tryggja börnum rétt sinn til að þekkja og hafa tengsl við báða foreldra sína óháð stöðu foreldranna. Jafnframt hafa skyldur foreldra gagnvart börnum verið skerptar. Þannig hefur endurskoðun laganna einnig snúið að því að tryggja að reglur um samband barna og foreldra sem búa ekki saman þjóni sem best hagsmunum barnsins. Alls staðar virðist vera lögð áhersla á að foreldrar sýni samstöðu og samvinnu til að ná sáttum eða semji um forsjá, búsetu og umgengni þar sem hagsmunir barns eru hafðir að leiðarljósi. Í norrænum lögum geta dómara dæmt sameiginlega forsjá að kröfu annars foreldris. Þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjána eiga þeir að standa saman að öllum meiriháttar ákvörðunum er varða barn þeirra (Þingskjal 328, 2011-2012).

Í Noregi var sameiginleg forsjá lögfest árið 1981 og sama ár var heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá staðfest í lögum. Litið er svo á að annað foreldri eigi ekki að geta komið í veg fyrir sameiginlega forsjá eingöngu vegna þess að það vilji eitt fara með forsjána (Þingskjal 328, 2011-2012). Í Noregi virðist sem lögð sé mikil áhersla á að fólk vinni saman og að fólk sé undirbúið fyrir hin mismunandi hlutverk lífsins. Þegar foreldrar eignast sitt fyrsta barn býðst þeim að taka þátt í námskeiði sem undirbýr þá undir það sem koma skal. Við skilnað býðst foreldrum einnig að taka þátt í námskeiði sem heitir „Fortsat Forældre“ þar sem foreldrar fá aðstoð við að vinna betur saman. Árið 2007 var gerð breyting á sáttafyrirkomulaginu í Noregi á þá leið að foreldrum í sambúð er líka skylt að leita satta taki sambúðin enda og barn sé á heimilinu yngra en 16 ára. Foreldrar eiga rétt á 7 klukkustundum í sáttameðferð og báðir eru skyldugir til að mæta í fyrsta tímann. Tilgangurinn með sáttameðferðinni er að hjálpa foreldrum að ná skriflegu samkomulagi sem snýr að ábyrgð foreldranna, lögheimili barnsins og umgengni. Helstu rökin fyrir breytingunni er varðaði að sambúðarfólk skyldi líka í sáttameðferð voru þau að öll börn ættu að hafa sama rétt, alveg óháð þjóðfélagsstöðu foreldranna (Ådnanes o.fl., 2011). Þessi ráðgjöf þegar fólk lendir í erfiðleikum í hjónabandi hefur líklega leitt til þess að síðustu 10 ár hefur skilnuðum fækkað um 12% (Aftenposten, 2015; Statistisk Sentralbyrå, 2015).

Í Noregi búa um 5 milljónir manna. Árið 2013 voru 23.410 giftingar þar og 9.736 skilnaðir. Um 41,6% hjónabanda endaði því þar með skilnaði. Árið 2013 hófu 1000-1500 foreldrapör mál sem snerust um umgengni og búsetu en 80% þeirra enduðu með sátt svo einungis milli 200-300 sifjamála enduðu fyrir norskum dómstólum. Í Noregi er það aðallega fólk með grunn í félagsvísindum og fjölskylduráðgjafar sem sinna sáttameðferðinni og árangur hennar er mjög mikill, eða um 80% (Politiken, 2014).

Í Danmörku var sameiginleg forsjá endanlega lögfest árið 1985. Foreldrar geta þó ákveðið sameiginlega að forsjá skuli færast til annars þeirra. Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá var lögfest í Danmörku árið 2007. Samkvæmt foreldralögum þar í landi er ætlast til þess að foreldrar taki ákvarðanir um forsjá, umgengni og búsetu út frá því hvað er barninu fyrir bestu. Barnið sjálft á einnig að fá að hafa áhrif á þessi mál. Finni fólk ekki sjálft út úr þessum málum þá er dómskerfið það eina sem getur

hjálpað. Þegar fólk skráir hjá stjórnvaldi („statsforvaltningen”) að það komi sér ekki saman um þessa hluti þá er eitt viðtal hjá sáttamanni skylda (Forældreansvarsloven).

Í Danmörku búa um 5,6 milljónir manna. Árið 2013 voru 27.505 giftingar þar og skilnaðir voru 18.872. Um 68,6% hjónabanda endaði sem sagt með skilnaði. Sama ár fóru 2.441 sifjamál fyrir danska dómstóla. Í Danmörku er ekkert sem heitir ókeypis ráðgjöf frá fólki með félagsvísindagrunn. Öll ráðgjöf sem er í boði þar er frá lögfræðingum. Stundum hefur verið fjallað um það í dönskum fjölmiðlum að danska ríkisstjórnin hafi gert það auðveldara að skilja þar sem svakaleg aukning varð á skilnuðum þar í landi árið 2013. Nú er hægt að skilja með einu klikki á lyklaborðinu séu báðir aðilar sammála um að skilja. Ekki er þörf á skilnaði að borði og sæng eða neinum aðlögunartíma (Politiken, 2014 og Forældreansvarsloven).

	Danmörk	Noregur
Giftingar 2013	27.505	23.410
Skilnaðir 2013	18.872	9.736
Forsjárdeilur 2013		1000-1500 pör
Mál sem enda fyrir dómstólum 2013	2.441	200-300

Í Noregi virðist sem svo að sáttameðferð eða ráðgjöf sé eðlilegur hluti af tilverunni. Ef horft er til þess að þar sinna aðeins einstaklingar með félagsvísindagrunn sáttameðferð virðist sem svo að sá grunnur sé mun líklegri til að skila árangri en sáttameðferð hjá einstaklingum sem aðeins hafa grunn í lögnum. Félagsvísindagrunnurinn gerir líklega ráðgjöfum kleift að nálgast málið á annan hátt. Þessir einstaklingar hafa einhvern grunn sem auðveldar þeim að skilja vandamálin og koma auga á einhvern sáttaflöt sem svo er hægt að vinna með. Lögfræðingarnir eru hins vegar sérfræðingar í að þekkja lögin en það er kannski ekki það sem þarf til að aðstoða fólk í krísu að ná samkomulagi. Leiðbeiningar um lögin frá lögfræðingum koma því ekki inni ferlið fyrr en ljóst er að engin önnur leið er fær.

Samantekt og niðurstöður

Eftir vinnslu og skrif þessarar ritgerðar er ljóst að áhyggjur mínar (og eflaust fleiri) af því að allt færi í óefni yrði dómurum gert kleift að dæma áfram sameiginlega forsjá voru algjörlega óþarfar. Heimildinni hefur bara verið beitt sjö sinnum á landsvísu. Tölurnar sýna svo ekki verður um villst að forsjármálum hefur fækkað töluvert við alla héraðsdóma landsins á árunum 2013-2014. Fækkun mála við suma héraðsdóma uppá 100% verður að teljast magnað og almenn fækkun við stærri héraðsdóma um 30% sömuleiðis. Það að skylda foreldra til að undirgangast sáttameðferð áður en þeir fá að fara með forsjárdeilu fyrir dómstóla skilar sínu. Fólk virðist frekar ná sátt ef það fær aðstoð við að átta sig á því hver hin raunverulegu deilumál eru og með því að ná fram samningi sem er ekki þvingaður fram er fólk líklegra til að fara eftir honum. Foreldrar virðast því vera meðvitaðri um að þeirra deilur geta auðveldlega bitnað á þroska og högum barnsins og mikilvægt er að allir geri sitt til að koma í veg fyrir að svo verði. Staðreyndin virðist vera sú að þau mál þar sem einhver sáttagrundvöllur er fyrir hendi fara ekki fyrir dómstóla. Því er ljóst að dómarmar meta almennt ekki sáttagrundvöll í þeim málum sem koma fyrir dómstóla fyrst heimildinni til að dæma áfram sameiginlega forsjá hefur eingöngu verið beitt einu sinni á tímabilinu 2013-2014. Í ljósi þessa má vera ljóst að óskandi væri að öllu dægurþrasi og rökræðum um réttmæti heimildarinnar hefði verið sleppt. Búið er að eyða miklum fjármunum í nefndir og ráð sem hafa átt að fjalla um heimildina og tilverurétt hennar, hvernig hún hefur komið út í nágrannalöndunum og svo mætti áfram telja. Óskandi væri að reglur um sáttameðferð hefðu verið settar fyrir í lögin og þá hefði þessi frábæri árangur náðst fyrir. Mikilvægi þess að hafa fagfólk með grunn í félagsvísindum til að sinna sáttameðferðinni sýnir sig líka þegar skoðaðar eru tölur fyrir nágrannalöndin og þróunina frá 2013 hjá sýslumanninum í Reykjavík. Hafi sáttamenn þann grunn virðast þeir líklegri til að geta hjálpað foreldrum að ná fram samningi sem allir aðilar geta sætt sig við og þar með er líklegra að allir fari eftir honum. Það er því einlæg ósk mín að embætti sýslumanns átti sig á þessu mikilvægi og ráði fleiri sáttamenn með þann grunn. Þannig væri hægt að aðstoða fleiri foreldra á styttri tíma þar sem bið eftir að komast í sáttameðferð væri

styttri. Með því móti væri hægt að aðstoða enn fleiri foreldra til að ná fram samningi sem allir gætu unað við og með því móti mætti draga úr áhrifum skilnaðar og langvinnra deilna á börnin. Það er jú það sem þetta allt snýst um!

Heimildaskrá

Aftenposten (2015). Grein um fjölda skilnaða í Noregi.

<http://www.aftenposten.no/nyheter/iriks/Antallet-skilsmisser-har-gatt-ned-12-prosent-de-siste-arene-7629710.html> Sótt 29. apríl 2015.

Amato, P. R. (1993). Children's adjustment to divorce: Theories, hypotheses and empirical support (rafræn útgáfa). *Journal of Marriage and Family*, Vol. 55, No.1. (23-38).

Ådnanes, M., Haugen, G. M., Jensberg, H., Rantalaiho, M. og Husum, T. L. (2011). *Evaluering av mekling etter ekteskapslov og barnelov* (Rapport). Osló:SIN-TEF.
<https://www.regjeringen.no/no/aktuelt/evaluering-av-mekling-etter-ekteskapslov/id653731/> Sótt 20. mars 2015.

Barnalög nr. 20/1992. <http://www.althingi.is/lagas/129/1992020.html>. Sótt 20. október 2014.

Barnalög nr. 76/2003, með síðari breytingum.
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html>. Sótt 20. mars 2014.

Benedikt Jóhannsson (2004). *Börn og skilnaður*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.

Benedikt Jóhannsson (2012). *Til skiptis hjá foreldrum*. Heimasíða kirkjunnar.
<http://kirkjan.is/fjolskylduthjonusta/skraarsofn/fjolskylduthjonusta/Til-skiptis-hj%C3%A1-foreldrum.pdf>. Sótt 20. mars 2015.

Eyrún Ingadóttir (2014). Gjafsókn - réttlæti fyrir alla? *Lögmannablaðið*, 3. tbl..
Reykjavík: LMFÍ.
http://www.lmfi.is/files/L%C3%B6gmennabl.%203.tbl.okt%202014_1498168410.pdf
Sótt 25. júní 2015.

Forældreansvarsloven <https://www.retsinformation.dk/forms/r0710.aspx?id=164267>
Sótt 25. júní 2015.

Giddens, A. (2009). *Sociology* (6. útgáfa). UK: Polity press.

Hagstofan (2015). <http://hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir>
Sótt 24. ágúst 2015.

Íris Dögg Lárusdóttir (2012). *Skilnaðarráðgjöf. Reynsla og þörf skilnaðarforeldra*.
Reykjavík: Háskóli Íslands. (Óbirt M.A.-ritgerð). <http://hdl.handle.net/1946/13541>

Kolbeinn H. Stefánsson (2008). *Samspil vinnu og heimilis. Álag og árekstrar*. Reykjavík:
Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands.
http://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/skrar/working_paper_of_chapter_4.pdf. Sótt 20. maí 2015.

Kolbeinn H. Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir (2010). *Gender roles and the division of childcare and housework*. Reykjavík: Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands.
http://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/skrar/reassess_-_23.4.2010_-_khs.tkt_.pdf. Sótt 20. maí 2015.

Könnun VR (2014). <http://www.vr.is/kannanir/launakonnun-2014/launamunur-kynjanna/>. Sótt 24. ágúst 2015.

Newman D. M. og Grauerholz L. (2002). *Sociology of families* (2. útgáfa). California:
Sage Publications.

Politiken (2014). <http://politiken.dk/forbrugogliv/livsstil/familieliv/ECE2300473/norge-loeser-konfliktfyldte-skilsmisser-med-tvungen-psykologhjelp/>. Sótt 14. júlí 2015.

Sigrún Júlíusdóttir (2001). *Fjölskyldur við aldhvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir (2013). *Eftir skilnað. Um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Sigrún Júlíusdóttir, Helena Konráðsdóttir og Dögg Pálsdóttir (2012). Foreldrar í forsjárdeilu. Rannsókn á umfangi, ferli og félagslegum þáttum forsjármála fyrir

héraðsdómstólum á Íslandi. *Tímarit Lögfræðinga*, 3. Reykjavík: Lögfræðingafélag Íslands.

Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir (2008). Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda – Rannsókn um sjónarhorn foreldra. *Tímarit lögfræðinga* 4, 465-495.

Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir (2008). *Ungmenni og ættartengsl. Rannsókn um reynslu og sýn skilnaðarungmenna*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Háskólaútgáfan.

Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir (2000). *Áfram foreldrar. Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Statistisk sentralbyrå (2015). Línurit um fjölda skilnaða.

<http://www.ssb.no/befolkning/statistikker/ekteskap/aar-detaljerte-tal/2015-08-20>

Sótt 20. ágúst 2015.

Sullivan, O. (2004). Changing gender practices within the household. A theoretical perspective (Rafræn útgáfa). *Gender & Society*, Vol. 18 No. 2.

Sýslumaðurinn í Reykjavík (2014). *Ársskýrsla 2013*. Reykjavík.

<http://www.sylumenn.is/media/fundargerdir/Arsskyrsla-2013.pdf>. Sótt 24. maí 2015.

Þingskjal 328. (2011-2012). Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (forsjá og umgengni). *Alþingistíðindi A-deild*.

<http://www.althingi.is/altext/140/s/0328.html>. Sótt 20. október 2014.